

Fegurð, varanleiki, notagildi

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur,
Kjarvalsstaðir

Þrjár sýningar tengdar hönnun: Byggingarlist í augnhæð, Íslensku byggingarlistarverðlaunin, Hugleiðing um húsgagn

Opið alla daga 10–17. Ókeypis á fimmtudögum. Byggingarlist í augnhæð, til 31. desember. Íslensku byggingarlistarverðlaunin, til 24. nóvember. Hugleiðing um húsgagn, til 31. desember. Á Kjarvalsstöðum standa yfir þrjár sýningar tengdar manngerðu umhverfi og hönnun.

SÝNINGIN Byggingarlist í augnhæð, er sett upp í tilefni af bók sem sýningarstjórnin, Guja Dögg Hauksdóttir, hefur unnið og er ætluð til fræðslu um byggingarlist. Á sýningunni er lagt út frá þremur grunnildum byggingarlistar; fegurð, varanleika og notagildi og vitnað til Vitruviusar sem oft er kallaður fyrsti arkitektinn og var uppi á 1. öld fyrir Krist. Þetta litla atriði sem og mörg önnur smáatriði á sýningunni gefa á einfaldan og skýran hátt tengingu við langar hefðir og aldur byggingarlistarsögunnar. Sýningin er í hliðarrými við vestursalinn sem er gjarnan nýttur fyrir barnþemu. Í þessu litla rými er sett fram innihaldsrík sýning á mjög látlausan hátt og er aðáunartvert hverju næst að skila til áhorfandans með örfáum tilvísunum í mikilvæga sjónræna þætti byggingarlistarinnar. Framsetning sýningarinnar er vönduð og sett fram af smekkvísi og skilningi á fræðslusýningu enda er sýningin eins konar framlenging á væntanlegri bók. Sýningin er flokkuð út frá þremur algengum atriðum sem móta hið byggða umhverfi; inni, úti og heima. Hún sýnir þannig vítt svið byggingarlistar, allt frá ytra byrði og rýmum til umgjörðar heimila og sýnir ólíkar birtingamyndir þessara þátta á mismunandi tímabilum. Sýningin á eins og bókin að höfða aðallega til grunnskólabarna og vera sambærileg



Morgunblaðið/Golli

Byggingarlist í augnhæð „Í þessu litla rými er sett fram innihaldsrík sýning á mjög látlausan hátt og er aðáunartvert hverju næst að skila til áhorfandans með örfáum tilvísunum í mikilvæga sjónræna þætti byggingarlistarinnar.“

leg bókinni stuðningur fyrir kennara til fræðslu um byggingarlist. Engu að síður á hún erindi jafnt til eldri nemenda sem almennings og ætti virkilega fullan rétt á því að vera ein af fastasýningunum innan Listasafns Reykjavíkur og á þann hátt kynning á tilvist og starfsemi byggingarlistardeildar og almenn

fræðsla um byggingarlist. Önnur sýningin sem fjallað verður um hér er sýning á tilnefningum til Íslensku byggingarlistarverðlaunanna sem afhent voru í fyrsta sinn 20. október síðastliðinn. Það er ekki hægt að segja annað en þessar tvær sýningar njóti góðs hvor af annarri. Valnefnd arkitekta valdi þau tíu

verk sem sýnd eru og gefa svo sannarlega til kynna að góður arkitektúr er til á Íslandi. Verðlaun hlutu AV-arkitektar fyrir ákaflega fallega aðlögun manngerðs umhverfis að náttúru; Lækningarlind – Bláa lóninu. Markmiðið með verðlaunum er að vekja athygli á góðri byggingarlist í landinu í þeirri von að verðlaunin

festi sig í sessi sem fastur menningarviðburður. Samhliða sýningunni hefur verið gefin út vönduð bók. Sýningin er í forrými austursalarins og nýtir sín þar með eindæmum vel. Umgjörð sýningarinnar er byggð upp af kerfi sem sést hefur áður nýtt til sýninga á byggingarlist en fellur svo ótrúlega vel að rýminu og innviðum Kjarvalsstaða að líkast er sem það hafi verið hannað með efnisval byggingarinnar að leiðarljósi, en vandi er að byggja sýningar vel upp í forrýmnum. Sá vandi kemur augljóslega fram í þriðju sýningunni sem nefnd verður hér sem er öllu óræðari en hinar tvær og uppstilling frekar handahófskennd á kókosmottubút. Sýningin nefnist Hugleiðing um húsgagn og samanstendur af verkum úr málmplötum eftir Óla Jóhann Ásmundsson arkitekt. Ekki er um byggingarlist að ræða né vísun í aðurnefnd grunnildi; fegurð, varanleika og notagildi. Hér er á ferð eins konar öræður leikur að húsgagnaígildum með hálfgerða mannsmynd enda hefur Óla Jóhanni verið húsgagnahönnun hugleikin á síðustu árum. Hvað höfundurinn vill segja með sýningunni og hverju hann leitast eftir er óljóst enda engar skýringar fyrir hendi. Erfitt reynist að skilgreina verkin sem þrívíddarskúlptúra, þó sýningin sé hluti af þrívíddarþema í forrýmnum, því húsgagnatengingin er augljós. Ef ætlunin er að kalla fram frjálsa upplifun hefði höfundur mátt vera mun vandlátari í valinu og sýna færri verk. Ef verkin eru hins vegar hugleiðing um húsgagn sem nokkurs konar frumgerðir er ástæða til þess að vanda valið á því sem verður endanlega að einhverju – lampa, legubekk, kertastjaka eða fatahengi, svo eitthvað sé nefnt af þekktum formgerðum sem lesa má úr óræðum verkunum.

Elísabet V. Ingvarsdóttir



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Helga „Á ógleymanlegum tónleikum með Tom Waits í París árið 1999 flutti hann meðal annars 16 Shells From A Thirty-Ought-Six af umræddum geisladiski.“

Hlustarinn

Ég kynntist Tom Waits í gegnum manninn minn á menntaskólaárunum. *Swordfishtrombones* varð fljótlega eftirlætisdiskurinn. Hann er tilraunakennur og groddalegur en um leið mjúkur og melódískur. Það er ótrúlegt að þessi diskur skuli hafa verið gefinn út fyrir 24 árum. Ef nefna ætti sérstaklega eftirminnleg lög, koma upp í hugann *Shore Leave* (stemmingin skemmtileg og textinn frábær), *Johnsburg, Illinois* (Waits

lýsti því best sjálfur þegar hann sagði að lagið ætti að verka eins og hann væri að draga mynd af konunni sinni upp úr veskinu) og *Frank's Wild Years*. Annars er það eins og að gera upp á milli barnanna sinna að nefna eitthvað eitt frekar en annað. Hvert lagið er öðru betra. Á ógleymanlegum tónleikum með Tom Waits í París árið 1999 flutti hann meðal annars 16 Shells From A Thirty-Ought-Six af umræddum geisladiski. Ég fæ enn gæshúð við tilhugsunina.

Helga Haraldsdóttir þýðandi.

Lesarinn

Neil Gaiman er þekktastur fyrir teiknimyndasögurnar um Sandman og hefur lengi fengist við goðsögur ýmiss konar, svo sem í skáldsögunni *American Gods*. Í *Anansi Boys* notar hann elstu goðsögur sem vitað er um, afrikskar sögur um tígrisdýrið og köngulóna. Tígrisdýrið beitir afli gegn andstæðingum, en köngulónin Anansi spinnur sinn vef og hefur sigur með klókendum sínum. Er hér gefið í skyn að goðsögurnar hafi upprunalega haft þann tilgang að kenna fólk að

beita vitsmunum frekar en vöðvum, að eitt sinn hafi allar sögur tilheyrt tígrisdýrinu en smám saman hafi köngulónin haft vinninginn og mannkynið þar með vitkast. Fyrir mér var þetta eins og lykull að öðrum goðsögum, sem dæmi má nefna eru það ekki stríðshetjurnar Hektor eða Akkilles sem fara með sigur af hólmi í Trójustríðinu heldur hinn klóki Ódysseifur. En hvað segir það svo um forfeður okkar að það er hinn sterki Þór sem er hetjan en hinn klóki Loki endar í skúrkslutverkinu?

Valur Gunnarsson rithöfundur.



Morgunblaðið/Ómar

Valur „En hvað segir það svo um forfeður okkar að það er hinn sterki Þór sem er hetjan meðan hinn klóki Loki endar í skúrkslutverkinu?“ spyr Valur. .